

 **Fjármálavit**

Launaútreikningur

Verkefni fyrir nemendur á unglingastigi

Launaútreikningur

Reiknaðu laun fyrir Þorgerði og sambærilegt fyrir Þorlák.

Notaðu auðan launaseðil.

Verkefnablað - auður launaseðill

Settu í möppu.

Launaútreikningur

Þorgerður var að byrja að vinna hjá Bílaviðgerðum sf.

Njáll er eigandi fyrirtækisins og hefur starfað einn um áratugabil. Nú þarf Njáll að fara að reikna út laun Þorgerðar. Hjálpaðu honum með það.

- Þorgerður er með **365.000 kr.** í mánaðarlaun og með 18 yfirvinnutíma í mánuðinum.
- Yfirvinnukaup er yfirleitt 1% af heildarlaunum. Hún er með 3.650 kr. í yfirvinnukaup á tímann.
- Reiknað er **10,17%** í orlof af mánaðarlaunum með yfirvinnu.
- Lífeyrissjóður er 4% af heildarlaunum.
- Stéttarfélagsgjald er **1%** af heildarlauninum.
- Til að reikna út skattinn þarf fyrst að draga lífeyrissjóðinn af heildarlauninum og síðan taka **31,45%** af upphæð launanna að kr. 349.018 (þrep1) og **37,95%** af upphæðinni sem er umfram það (þrep2).
- Persónuafslátturinn er **50.792 kr.** og dregst frá.
- Síðan er lífeyrissjóður, stéttarfélagsgjald og skatturinn lagður saman.
- Þá er sú upphæð dregin frá heildarlauninum og útkoman er útborguð laun.

Til umhugsunar:

Notaðu auðan launaseðil og útbúðu einnig launaseðil fyrir Þorlák og nýttu þær upplýsingar sem gefnar eru hér að ofan. Kjörið er að vinna þetta verkefni í töflureikni (excel).

Þorlákur er með 373.000 kr. í mánaðarlaun. Yfirvinnukaupið hans er 1% af heildarlaunum. Reiknaðu út hvað hann fær útborgað.

Skatthlutfall í staðgreiðslu, neðar- og efra þrep:

Skattþrep	Viðmiðunartekjur á mánuði	Staðgreiðsluprósentu
1. þrep	0 – 349.018 krónur	31,45%
2. þrep	349.019 – 979.847	37,95%
3. þrep	Frá 979.847 krónum	46,25%

Persónuafsláttur á árinu 2021 er 609.509kr. eða 50.792kr. á mánuði.